SKÁLDIÐ SEM ÓX ÚR SORPINU

Mohammed Choukri er einn af helstu rithöfundum arabískrar tungu. ÖRNÓLFUR ÁRNASON sótti hann heim í Tanger.

MARGIR rithöfundar hafa þolað kröpp kjör og harðræði í uppvexti sínum og miðla lesendum af þeirri reynslu með beinum eða óbeinum hætti í verkum sínum. Óhætt mun þó að fullyrða að fáir hafi þolað annað eins og Mohammed Choukri sem í æsku þurfti, líkt og rotta, að leita sér fæðu í sorpi og göturæsum. Sjálfsævisaga hans, „Á brauði einu saman", sem kom út á Íslandi 1983, segir m.a. frá því að hann hafi á barnsaldri horft upp á föður sinn verða litla bróður hans að bana í æðiskasti. Það er ótrúlegt að manni með slíkan bakgrunn skyldi takast að brjótast til mennta og njóta nú virðingar sem einn fremsti rithöfundur Marokkó. Ég hélt til fundar við hann í Tanger frá Costa del Sol nú í sumar.

Tanger er heit en vindsæl hafnarborg á norðvesturhorni Afríku, Atlantshafsmegin við Gíbraltarsund þar sem siglt er inn á Miðjarðarhafið. Íbúarnir, rösklega hálf milljón manna, eru flestir bláfátækir. Stöndugir ferðamenn koma í stórum og smáum hópum utan af hafi á degi hverjum og þá er um að gera að láta hendur standa fram úr ermum við að kreista aurana út úr gullfuglunum. Harkararnir í Tanger eru alræmdir. Ég man hvað mér þótti atgangsharkan yfirþyrmandi þegar ég kynntist henni fyrst fyrir meira en aldarfjórðungi.

„Hvað viltu?" spurðu gaurarnir.

„Ekki neitt," var ekkert svar. Þeir vissu að enginn kemur til Tanger án þess að girnast eitthvað.

„Viltu sjá höll soldánsins? Eða listiðnaðarskóla? Dæmigert heimili innfæddrar fjölskyldu? Nú? Viltu kannski stelpu? Ég á gullfallega systur. Svo á ég eina feita frænku ef þú vilt heldur hafa þær í góðum holdum. Jæja? Mamma er líka liðtæk – og ekki síður amma gamla. Ekki það? Viltu frekar stráka? Það er nóg af þeim. Viltu mig? Ekki heldur? Það er assgoti erfitt að gera þér til geðs, en eitthvað hlýturðu að vilja. Segðu mér það og ég skal útvega það. Alveg pottþétt."

Götuharkið var eina lífsviðurværi fátækra stráka. Mohammed Choukri var einn af þeim hörðustu. Hann barðist með kjafti og klóm til að skrimta. Það var fátt sem hann var ekki til í að gera ef það gat fært mat í munn fjölskyldunnar. En líf Choukris tók óvæntri stökkbreytingu. Honum tókst hið ómögulega: að hefja sig til flugs fjaðralaus. Og nú er hann talinn eitt helsta menntaljós Marokkó, þótt hann læsi enga bók fyrr en á þrítugsaldri.

Því fer þó fjarri að líf Choukris eftir „kraftaverkið" hafi verið dans á rósum. Til þess eru örin of mörg á sál hans. Og hann ber mikla beiskju í brjósti vegna þess misréttis sem fæstir hafa orðið eins heppnir og hann að fá nokkra lausn frá.

Choukri er nagli, hertur í heitum eldi. Það veður enginn ofan í þennan mann, það ber hann með sér. Hann er 62 ára gamall, en sýnist tíu árum yngri, meðalmaður á hæð, tágrannur, léttur í spori, skarpleitur, með mikið hár og þykkar augabrýr. Hafi ég nokkurn tíma séð nef sem stendur undir nafninu „arnarnef" þá er það nefið á Choukri. Íslenska lýsingarorðið „mikilúðlegur" á afar vel við hann, enda segist hann vera af norrænum víkingum kominn að langfeðgatali. Þeir, þessir forfeður hans, hafi komið á skipum, höggvið strandhögg í Norður-Afríku, skorið karlana á háls, en gert konunum börn. Þetta segir Choukri að sé ástæðan fyrir því, sem ég hef reyndar oft undrast, hversu algengt er að sjá ljóshært og bláeygt fólk meðal berbanna í Rif-fjöllum.

„Annað sem færir mér vissu um að ég á eitthvað skylt við ykkur á norðurhjara," segir Choukri, „er hvað mér þykir notalegt að vera í köldum löndum á veturna, sitja inni í vel upphituðu húsi og horfa gegnum gluggana á snævi þakin fjöll."

„Þú ert greinilega Íslendingur," segi ég.

Að ganga með Mohammed Choukri um Boulevard Pasteur, aðalgötu nýja hverfisins í Tanger, er ekki ósvipað því sem mér hlotnaðist eitt sinn fyrir margt löngu, að spássera með Tómasi Guðmundssyni um Austurstræti. Allir þekkja Choukri, kinka til hans kolli virðulega eða koma og taka í hönd hans, og mína, og leggja höndina síðan á hjartastað eins og siður er múslíma.

Við Choukri setjumst inn á Café de la Grande Poste á Breiðgötu Múhammeðs V til að spjalla saman. Tungumál okkar er spænska sem hann talar reiprennandi og með tjáningarríku orðfæri. Ég heyri að hann talar líka frönsku eins og innfæddur. Þetta er eitt af fáum kaffihúsum borgarinnar sem selja áfengi. Flestir gestirnir eru að drekka bjór.



MOHAMMED Choukri. Myndin prýðir forsíðu bókar hans „Zoco chico".

Uppi á hæðinni fyrir ofan er veitingasalur með sætum fyrir 40-50 manns og þar fáum við næði. Choukri, sem er aðalstjarnan í hópi fastagesta staðarins, bannar þjónunum að hleypa nokkrum öðrum upp á loftið meðan við röbbum saman, þótt allt sé fullt niðri. Þeir hlýða honum.

Með bjórnum fáum við ókeypis smáréttti (tapas) á sporöskjulöguðum diskum sem er siður frá nýlenduárum Spánverja. Nú er það gómsæt, pönnusteikt tindabikkja.

Hvað kemur af sjónum í dag?

Ég segi Choukri að ég hafi fyrr um morguninn verið að lesa smásögu hans *Ilskó spámannsins*. Það er tragíkómísk saga um mann sem lýgur því að Englendingi nokkrum að amma sín eigi ilskó af Múhammeð spámanni og platar hann til að kaupa þá af sér fyrir stórfé.

„Sagan *Ilskór spámannsins* er táknræn fyrir Tanger," segir Choukri. „Fólkið í Tanger er lifir og hrærist á ósannindum. Ef það á enga sögu til að byggja líf sitt á, býr það hana til. Það lýgur einlægt upp einhverju nýju sem getur gefið því von. Án lyginnar er ekkert hér í Tanger. Við höngum hér á þessum útnára Afríku, og mænum út á hafið í von um að eitthvað berist á land. Hvað skyldi koma af sjónum í dag? hugsum við. Hvað er um borð í þessu skipi? Fiskur? Vörur? Ferðamenn með fulla vasa fjár? Við höldum dauðahaldi í vonina. Vonin er það síðasta sem yfirgefur okkur.

Sagan um ilskó spámannsins er byggð á frásögn strákpjakks sem ég hitti. Hann hældi sér af því að hafa hlunnfarið fjáðan útlending á þennan hátt. Ég hef ekki hugmynd um hvort sagan er sönn, enda er smásagan mín jafngóð hvort sem frumfrásögnin er reist á raunverulegum atburðum eða skröksögu. Þó gæti ég trúað að kauði hafi haft eitthvað fyrir sér því að hann var allt í einu löðrandi í peningum en hafði aldrei áður átt bót fyrir boruna á sér."

Ólæs fram yfir tvítugt

Ég segist vera forvitinn að heyra hvernig það gerist að blásnauður götustrákur sem rétt dregur fram lífið með prettum og smáglæpum skiptir um ham og gerist menntamaður og rithöfundur.

„Ég var orðinn tvítugur og kunni hvorki að lesa né skrifa," segir Choukri. „Á daginn fékkst ég við sölu á smyglgóssi og þýfi og stundum líka fíkniefnum, en á kvöldin söng ég á kaffihúsum og hermdi eftir söngvurum Egypta. Vísnatextarnir kveiktu hjá mér tilfinningu fyrir orðum og það sótti oft á mig sterk þrá eftir að geta skrifað bréf og lesið dagblað. Lengra náði nú metnaðurinn ekki til að byrja með. En mig langaði mikið að læra. Eitt sinn ætlaði ég að leggja orð í belg á kaffihúsi, þar sem verið var að ræða um hitamál dagsins, pólitísk átök í Egyptalandi. Þá pundaði einn viðstaddra á mig: „Hvað ert þú að ybba gogg, sem kannt ekki einu sinni að lesa eða skrifa?

Daginn eftir fór ég í bókabúð og keypti mér litla bók. Því miður voru allir félagar mínir ólæsir eins og ég. Ég fór því til mannsins sem hafði nuddað mér upp úr ólæsinu og fékk hann til að kenna mér svolítið. Hann hafði setið í barnaskóla fjögur eða fimm ár.

Svo vel vildi til að á þessum tímum var orðið mjög auðvelt að fá inngöngu í skóla án þess að borga neitt fyrir. Stjórnvöld vildu að sem flestir lærðu að lesa og skrifa. Bróðir kennara míns kom í heimsókn hingað til Tanger. Hann var við framhaldsskólanám í Larache og stakk upp á því að ég kæmi með sér þangað og settist á skólabekk. En ég sagði honum að ég kynni ekki að lesa og skrifa, bara fáeina stafi. Hann sagði að það gerði ekkert til, hann skyldi tala við skólastjórann sem væri vinur sinn.

Þarna stóð ég frammi fyrir því að mega velja hvort ég vildi áfram vera götuharkari eða fara í skóla. Ég kaus að menntast. En ég hafði þó hvorki í hyggju að gerast embættismaður né rithöfundur. Ég ætlaði mér bara að snúa aftur til Tanger fær um að skrifa bréf og lesa dagblöð og bækur. Mest langaði mig að lesa bækur sem ég vissi að til voru um líf listamanna í Egyptalandi.

En svo æxlaðist það þannig að þegar ég hafði verið fjögur ár í Larache þreytti ég kennarapróf og stóðst það. Ég gerðist barnakennari um nokkurra ára skeið, stundaði jafnframt sjálfsnám og tók próf sem veitti mér kennararéttindi í arabísku í framhaldsskólum. Ég starfaði samtals 21 ár við kennslu eða til ársins 1981. Þá komst ég á hálf eftirlaun, sem ásamt ritlaununum af bókum mínum gera mér kleift að stunda ritstörf eingöngu."

Choukri segir að bækurnar „Á brauði einu saman„ og "Á villigötum" (á ensku „Streetwise") séu félagslegar heimildir um ákveðið tímabil í lífi hans og þjóðarinnar.

„Í þeim segi ég frá glataðri æsku minni. Það voru blóðsugur borgarastéttarinnar sem rændu mig æskunni ásamt nýlenduherrunum frá Spáni og Frakklandi sem skiptu milli sín Marokkó. Tanger hafði þá sérstöðu að vera undir fjölþjóðlegri stjórn, svo að kannski var nýlendukúgunin hvergi verri en hér. Ég fékk að kenna á þessu í bernsku og öll fjölskylda mín. Faðir minn átti að gegna herskyldu í spænska hernum. Þegar ég var sjö ára gamall gerðist hann liðhlaupi. Hann reyndi að leynast hér í Tanger en var handsamaður og látinn dúsa tvö ár í fangelsi.

Við höfðum ekkert til að lifa á, svo að móðir mín tók það til bragðs að fara að selja grænmeti og ávexti á götunni. Ég fór að leita mér fæðu í sorpi Evrópufólksins því að evrópska sorpið bar af múslímasorpinu að gæðum. Ég fann þar oftast eitthvað til að seðja sárasta hungrið.

Í þessum bókum er líka fjallað um vændi, hómósexúalisma, þjófnað og fleiri fylgifiska örbirgðarinnar. Ég hika ekki við að draga pólitískar ályktanir og kenna nýlendustjórninni um ástandið. Fyrri bókinni lýkur þegar ég er unglingur en sú síðari hefst þegar æsku minni er að ljúka. Fyrstu kaflarnir fjalla um námsárin, ekki bara um sjálfan mig, heldur heila kynslóð ólæsra fátæklinga sem er að reyna að brjóta af sér fjötra fáfræðinnar til að öðlast betra líf. En þegar menntun mín eykst og ég fæ kennararéttindi og tek til við að uppfræða börnin, skiptir nokkuð um tón í bókinni og hún fer að verða bókmenntaleg.

Stílbreytingin speglar þau umskipti sem urðu á mér sem persónu við að læra að lesa og skrifa. Fyrri bókin byggir fyrst og fremst á atburðarás sem er knúin af eilífri leit að brauði. Þar er það maginn sem ræður ferðinni. En í síðari bókinni fer ég að kryfja líf mitt á dýpri hátt og nota til þess nýja tækni, listrænt táknmál bókmenntanna.

Ég vil þó halda því fram að hrár og einfaldur stíllinn í frásögnunum af mannlífinu í sorpinu standi ekki þeim háreistari að baki sem bókmenntir, því að grófur penni hæfir efninu og er því sá rétti frá listrænu sjónarmiði."

Upphaf ferils – Paul Bowles

Einn þjónninn gægist upp á skörina til að athuga hvort okkur vanhagi um eitthvað.

„Viltu ekki meiri bjór?" spyr Choukri. „Ég ætla að fá mér annan. Maður verður svo þurr í kverkunum af þessu þusi. Annars held ég



MOHAMMED Choukri færir upp fiskinn fyrir Örnólf Árnason á strandstaðnum La Pergola í Tanger.

í við mig í áfengismálunum og full ástæða til, því að ég gerði lítið annað en að drekka árum saman, byrjaði strax á morgnana og þjóraði allan daginn þangað til ég hneig út af. Upphafið á áfengisneyslu minni var að ég laumaðist gjarnan inn á bari Evrópumannanna þegar ég var ellefu eða tólf ára gamall og drakk það sem þeir skildu eftir í glösunum. Ég man enn hvað mér þótti þetta gott, bæði bragðið og áhrifin."

Þegar þjónninn er búinn að hella upp á okkur aftur og færa okkur að gjöf tvær patt-aralegar sardínur í sterkri, rauðri sósu, segir Choukri: „Ég er fyrsti rithöfundurinn í Marokkó sem skrifar um lífið í lægsta þrepi samfélagsins. Það eru margir sem ekki þola að fjallað sé um þá eymd og það óréttlæti sem þar ríkti og ríkir enn. Þeir vilja banna slíkar bækur því þeir segja að þær sverti landið og þjóðina í augum útlendinga. Ég get vissulega verið þjóðernissinnaður sem persóna. Til dæmis ef einhver segir eitthvað ljótt um Marokkó í viðurvist minni er ég vís til að taka upp hanskann fyrir land mitt. En sem rithöfundur er ég ekki þjóðernissinni. Rithöfundur sem fæst við að mæra land sitt eða breytir frásögn sinni til að bæta ímynd þjóðar sinnar, er enginn rithöfundur. Slík sjónarmið eiga ekki við í bókmenntum. Ég skrifa heldur ekki bara fyrir Marokkóbúa eða bara fyrir arabaheiminn. Ég skrifa fyrir alla lesendur, hverrar þjóðar og hverrar trúar sem þeir kunna að vera."

Talið berst að upphafi rithöfundarferils hans, meðal annars að hlut bandaríska tónskáldsins og rithöfundarins Pauls Bowles (The Sheltering Sky) í því að skrásetja og þýða bækur rithöfunda í Marokkó og koma þeim á framfæri við umheiminn. Bowles hefur verið búsettur í Tanger næstum hálfa öld, vel þekktur í hópi bandarískra rithöfunda en öðlaðist e.t.v. ekki heimsfrægð fyrr en nú á síðustu árum. Auk bóka Choukris hafa enskar þýðingar Bowles á verkum eftir Mohammed Mrabet, Larbis Layachis, Adbessalams Boulaich og fleiri höfunda runnið út eins og heitar lummur. Mrabet og Layachi semja á mohgrebi, tungumáli berba, sem ekki er til sem ritmál, og tala sögur sínar inn á band.

Choukri er alltaf eins og þrumuský á svipinn, nema stöku sinnum þegar gamanmál eru á döfinni. Þá er eins og sólin brjótist fram úr skýjunum og lýsi upp andlitið sem snöggvast.

„Ég var dálítið farinn að fikta við að skrifa greinar og smásögur og eitthvað af þeim hafði birst í blöðum hér," segir Choukri. „Ég kynntist Paul Bowles fyrst í ársbyrjun 1970. Það var rithöfundurinn Edouard Roditi, vinur hans, sem leiddi okkur saman. Hvorki Roditi né Bowles höfðu lesið neitt eftir mig, því að þeir kunnu ekki arabísku, en ég sagði Roditi eina af sögunum. Þá stakk hann upp á að við færum til Bowles og fengjum hann til að þýða sögur mínar á ensku. Mér var ekki ljóst hvernig hann átti að geta það úr því að ég skrifaði á klassískri arabísku. Þá stakk Roditi upp á að við notuðum spænsku sem brú milli tungumálanna.

Enn hafði ég efasamdir um að þetta væri hægt, t.d. vegna þess að ég sá fyrir mér vandkvæði á að þýða nokkuð af arabísku án þess að glata stílnum. Skrif byggjast ekki síður á stíl en söguþræði. Og stíll er annað en vandað mál og góð málfræði, annars væru kennarar bestu rithöfundarnir, en sú er ekki raunin.

Bowles tók okkur vel og það varð úr að hann þýddi nokkrar smásögur á ensku eftir munnlegri þýðingu minni á spænsku. Meðal þeirra er sagan *Ilskór spámannsins* sem birtist í *Harpers*-tímaritinu og vakti allmikla athygli. Paul var mjög ánægður með viðtökurnar og hefur sjálfsagt hugsað með sér að kannski væri eitthvað í mig spunnið sem rithöfund. Við héldum því áfram að þýða sögur á þennan hátt, þær eru alls níu talsins. Nokkrar þeirra komu út í Ameríku í bókinni *Five Eyes*,safni smásagna eftir höfunda frá Marokkó.

Storkun Riff-búans

Árið 1972 kom svo hingað til Marokkó breski útgefandinn Peter Owen, sem nýlega hafði gefið út bók Larbis Layachi *Life Full of Holes* og skáldsöguna *Love With a Few Hairs* eftir Mohammed Mrabet, sem Paul Bowles hafði skrásett fyrir þá á ensku. Peter Owen hafði auk þess gefið út bækur eftir Paul Bowles og konu hans Jane Bowles. Því miður vissi ég ekki að þessi maður hafði vont orð á sér fyrir að hlunnfara rithöfunda, en ég komst að því síðar að hann var vægast sagt fastur á fé. Við þessir óþekktu þriðja heims höfundar og sögumenn, sem Paul Bowles léði enskt orðfæri, vorum tilvaldir græningjar til að plata. Og nú var ég næstur.

Það þekkti mig náttúrlega ekki nokkur kjaftur í Evrópu, en fáeinar sögur höfðu birst eftir mig í öðrum Arabalöndum, í bókmenntatímaritum í Líbanon, Egyptalandi og Írak. Allir vissu hver uppruni minn var og að þar væri eftir ýmsu að slægjast. Ég var auðvitað ólmur að koma mér á framfæri svo að ég sagði Owen að ég væri þegar búinn að semja sjálfsævisögu mína. Þetta var ekki fullkomlega sannleikanum samkvæmt, en heldur ekki uppspuni því að ævisagan var tilbúin í kollinum á mér.

Þá sagði Owen: Komdu hingað á morgun og við skrifum undir útgáfusamning. Síðan takið þið Paul Bowles til óspilltra málanna og látið ekki deigan síga fyrr en ævisaga þín er komin á ensku. Ég skrifaði undir, fékk 100 sterlingspund, og síðan byrjaði ég að skrifa söguna á arabísku. Ég þuldi svo fyrir Paul 2-3 síður á spænsku á hverjum degi og svo mikið var mér niðri fyrir að ég var alltaf á undan að semja. Hann grunaði aldrei að ég væri að skrifa bókina jafnóðum. En þegar verki okkar lauk u.þ.b. tveim mánuðum síðar sagði ég við Bowles að ég hefði ekki verið búinn að skrifa staf þegar ég gerði samninginn."

„Hvernig datt þér í hug að gera samning um sölu á einhverju sem ekki var til?" spurði hann.

„Það er storkun Riff-búans," sagði ég.

Við Paul Bowles héldum áfram samstarfi. Hann þýddi fyrir mig bókina „Jean Genet í Tanger" sem ég var búinn að skrifa á arabísku. Genet kom hingað 1968 og dvaldi marga mánuði í Tanger.

Ég kynnti mig fyrir Genet sem rithöfund-ur, þó að ég stæði varla undir því nafni. Mig langaði að kynnast honum. Genet hafði ekki lesið neinar bókmenntir frá arabaheiminum svo hann vissi ekki hvort ég sagði satt. Hann þekkti aðallega stráka af götunni, því hann var upp á karlhöndina. Það var samt ekki bara kynferðislegt. Hann hafði mikla samúð með smástrákunum sem voru að basla við að hafa ofan í sig og gaf þeim peninga og mat."

„Þið hljótið að hafa átt talsvert sameiginlegt, Genet og þú," segi ég. „Þið komuð báðir úr neðsta lagi þjóðfélagsins og áttuð báðir feiknaerfiða ævi, meira að segja afbrotaferil."

„Já, þess vegna tók hann mér líka vel og var mjög vinsamlegur við mig frá byrjun. Meðan hann dvaldi hér kærði hann sig ekkert um að umgangast Evrópumenn eða Ameríkana. Hann vildi vera í hópi innfæddra."

Aftur förum við að ræða um Bowles og það er þungt í Choukri því að þeir samstarfsmennirnir fyrrverandi eiga nú í illdeilum og meira að segja málaferlum. Choukri er að auki nýbúinn að gefa út á arabísku bókina „Paul Bowles og útlegðin í Tanger" þar sem ýmislegt misjafnt er sagt um Bowles og verk hans.

„Paul Bowles gerði mér greiða með því að þýða bækur mínar og koma þeim þannig á framfæri," segir Choukri. „En hann hafði engan rétt til að láta prenta á þær höfundarréttarstimpil Paul Bowles. Höfundarrétturinn var minn, en hann tók við greiðslunum og borgaði mér svo bara það sem honum sýndist. Því urðu vinslit okkar á milli."

Mohammed Mrabet

Við Choukri höfum ákveðið að borða saman í dag og hafa þann háttinn á að ég kaupi fisk á markaðnum og hann matbúi hann í eldhúsi veitingastaðarins La Pergola á ströndinni í Tanger. Choukri velur fiskinn af kostgæfni, þuklar hann, skoðar tálknin og þefar. Loks finnur hann „dóröðu" sem honum líkar. Hún er tæplega kíló og kostar 260 ísl. kr. þegar Choukri hefur prúttað við fisksalann af hörku eins og siður er í Marokkó. Hann kaupir einnig ferskar kryddjurtir af ýmsu tagi, heilu knippin, en grænmetið fáum við á strandbarnum. Við gætum ósköp vel haldið á þessu en Choukri er líklega minnugur uppruna síns og ræður vel eygðan og brosmildan lítinn dreng í rifinni skyrtu og lélegum skóm sem burðarsvein.

„Nú er Mrabet hættur að semja nokkuð því að Bowles er orðinn of gamall og lasburða til að skrifa niður fyrir hann," segir Choukri á göngu okkar niður brattar brekkurnar áleiðis til strandar. „Mrabet er skrítinn fugl. Hann hatast við allt sem fólk kallar menningu af því að hann hefur svo takmarkað sjálfstraust og er hræddur um að menntamenn líti niður á sig. Honum er meinilla við mig af því að hann telur að ég sé orðinn svo mikill bókmenntamaður og vaxinn honum upp fyrir haus og hættur að láta Paul Bowles þýða og snurfusa texta mína."

Ég segi þá að Mrabet sé auðvitað bókmenntamaður þótt hann skrifi ekki heldur hljóðriti sögur sínar.

„Það er alveg rétt," segir Choukri, „en hann veit það ekki sjálfur. Mrabet argast út í bókmenntir og segir að þær séu „tilbúningur". Hann segir að maður eigi að hafa það sem rétt er og satt, en ekki að gefa út bækur fullar af uppspuna. Þetta er náttúrlega hreint bull. Allar bókmenntir eru í eðli sínu tilbúningur. Það er ekki til neinn veruleiki sem hægt er að miðla öðrum í orðum. Við erum ein með okkar „veruleika", hver sína útgáfu. Allt sem við gerum er okkar eigin prívat-upplifun. Til dæmis þegar við drekkum, étum og höfum samfarir er það bara okkar eigin reynsla og einskis annars. Mrabet heldur að sögur hans séu „sannar" af því að hann eltir uppi gamla karla í kaffihúsum og tekur upp frásagnir þeirra sem hann notar svo sem efnivið í það sem hann þylur fyrir Bowles. Svo notar Bowles sumt af því í sögur Mrabets en annað segir Mrabet að skjóti upp kollinum í sögum eftir Bowles með einum eða öðrum hætti. Hann er hirðusamur, Paul Bowles, lætur ekkert fara til spillis."

Prettir og sukk

Nú spyr ég Choukri hvernig standi á því að allir rithöfundarnir af hans kynslóð í Marokkó skrifi í anda prakkarasagna, þ.e.a.s. „picaresque" stílnum sem ættaður er frá Spáni og á frægasta fyrirmynd í „Lazarusi frá Tormes".

„Ég skrifa ekki í prakkarastíl," segir Choukri. „Að vísu er mikið um brögð og pretti í sögum mínum, en þannig er lífið hér. Tanger lifir á prettum. Án pretta myndi Tangerbúinn leggjast upp í loft og geispa golunni."

Þegar ég hlæ að þessum ummælum Choukris, segir hann: „Þetta er alveg satt. Persónuleiki Tanger-búans er þannig að hann er ólmur að græða peninga en vill ekki leggja á sig neina vinnu. Hann vill fá allt upp í hendurnar án þess að svitna. Sagt er um Tanger-búann: Hann hefur augað á sjónum, eyrað á hviksögunum og rassinn á steini. Þetta er góð lýsing, því að Tanger-búinn situr eins og klessa og bíður eftir að eitthvað reki á fjörur hans.

Ef ég hefði fæðst í annarri borg, Tetouan, Casablanca eða Marrakech, myndi ég skrifa öðruvísi. Tanger er miklu alþjóðlegri, og fleiri vindar blása hér. Borgin er ekki „týpísk" og stílhrein eins og Fez, Taroudannt eða Marrakech. Hér í Tanger sullast saman í eina súpu mislitir straumar mannkynsins."

Þegar við erum komnir í eldhúsið og Choukri byrjaður sneiða niður grænmeti til að leggja undir fiskinn í steikarfatið spyr ég hann hvort eitthvað sé eftir af þeirri spillingu sem Tanger var áður alræmd fyrir.

„Nei, þetta er mestallt farið," segir hann. „Það eina sem það hefur skilið eftir sig er „nostalgía", fortíðarþrá. Rauðljósabarirnir, hórukassarnir, piltahúsin og allt heila svínaríið horfið. En ljúfsár minningin situr eftir."

„Ég sé að það er meira að segja búið að loka tehúsinu hennar maddömu Porte," segi ég, „þar sem finna fólk bæjarins kom saman til hanastéls- og sjússadrykkju, þegar ég var hér tíður gestur á áttunda áratugnum."

„Synd að við skyldum ekki þekkjast þá," segir Choukri og mylur kryddjurtir yfir fiskinn. „Þá var ég nefnilega stöðugt á skallanum. En ég drakk aldrei á svo dýrum stöðum. Meira að segja Bowles, Boroughs og Ginsberg fóru þangað ekki nema múraðir gæjar á borð við Truman Capote, Gore Vidal eða Tennessee Williams væru í bænum og borguðu brúsann."

Talið berst að Zoco chico, aðaltorgi medínunnar, gömlu borgarinnar, en þar var miðstöð svallsins í Tanger meðan borgin laut alþjóðlegri stjórn, frá 1912 til 1956.

„Kránum við Zoco chico var lokað 1958, tveim árum eftir að Marokkó varð sjálfstætt ríki," segir Choukri. „Þá var öll áfengissala bönnuð í medínunni. En áratug síðar upphófst nýtt blómaskeið á Zoco chico þegar hipparnir gerðu innrás sína, strákar og stelpur í neðanafklipptum gallabuxum, með poka á baki og hasspung í leðuról um hálsinn. Þetta unga fólk hersat torgið fram á áttunda áratug. Þarna voru stöðugt að takast á, eða rekast á, evrópsk menning og íslömsk. Bók mín „Zoco chico" fjallar um þetta tímabil, þegar margt gerðist hér, bæði jákvætt og neikvætt.

Kynnin við unga Evrópufólkið ýttu enn frekar undir löngun okkar hér að læra meira sjálfir, þrá eftir nýrri og betri tíð hér í landi með öflugri menningu og upplýsingu. Við þráðum heitast það sem hipparnir voru að flýja."

Húsbændur og hjú

Ég spyr Choukri um áhrif fyrrnefndu rithöfundanna útlendu sem hér dvöldu svo oft og lengi. Choukri segir að þeir hafi haft talsverð félagsleg áhrif og breytt mörgu í lífi þeirra sem þekktu þá. En áhrif þeirra á skrif innlendra rithöfunda telur hann lítil eða engin.

„Fáir þessara höfunda skrifuðu nokkuð um Tanger," segir Choukri. Hann þegir augnablik, enn þyngri á svip en venjulega, rennir fiskskúffunni inn í ofninn, lokar honum og segir svo: „Það er eitt sem þú verður að skilja. Það var ákveðin fjarlægð milli þessara Vesturlandamanna og Marokkóbúanna, eins konar veggur eða regindjúp. Það var aldrei neitt jafnræði með þeim. Marokkóbúarnir voru ▶

alltaf eins og hjú, aðkomumennirnir húsbændur."

Ég segist eiga erfitt með að trúa því að ekki hafi stundum myndast vinskapur og trúnaðartraust milli manna, jafnvel þótt trúarbrögð og lífsviðhorf væru ólík.

„Í samskiptunum þessara Evrópumanna og Ameríkana annars vegar og hins vegar Tanger-búanna hafði hver sinna hagsmuna að gæta," segir Choukri. „Vesturlandabúarnir komu hingað til að finna fýsnum sínum útrás, ná í stráka og eiturlyf. Hér var allt viðurværi ódýrt, matur og húsaleiga og það sem þurfti til að fóðra lesti sína. Og Marokkómennirnir höfðu einnig hagsmuni af komu þessara manna. Þeir fengu vinnu hjá þeim og seldu þeim ýmislegt svo sem fíkniefni eða líkama sinn. Þetta var grundvöllurinn undir samskiptum þeirra. Mér dettur ekki í hug að segja að ekki hafi stundum líka verið um vináttu að ræða. Ég veit til dæmis mörg dæmi þess að menn hafi gert vel við gamla elskhuga sína, þótt kulnað hafi kynlöngunin, og leyst þá út að skilnaði með hárri fjárupphæð, húseign eða mánaðarlegum lífeyri."

„Vesturlandabúinn í bókum ykkar rithöfundanna hér í Marokkó birtist gjarnan sem einfeldningur, auðveld bráð, næstum eins og bjáni," segi ég við Choukri. „Finnst ykkur við svona miklir dómadags grasasnar?"

Nú hlær Choukri og kemur hrekkvíst blik í augun á honum. Við erum sestir út undir pergóluna, limþakið sem skýlir okkur fyrir sólinni. Svo segir hann: „Gleymdu því ekki að hver Evrópubúi eða Ameríkani er einnig snillingur í augum Marokkóbúans. Hann veit að aðkomumaðurinn kann að lesa og skrifa, getur leyst reikningsdæmi í huganum, kann skil á vísindum og flókinni siðmenningu. En svo hugsar Marokkóbúinn: Hins vegar þegar kemur að prettum, þá er ég honum fremri. Þannig hugsar margur. Og athugaðu að það er miklu skemmtilegra að leika á snilling en aula."

Staða bókmennta í Marokkó

Ég spyr Choukri hvernig það sé að vera rithöfundur í Marokkó.

„Bókmenntir eru ung grein hér í landi. Menn fóru ekki að skrifa skáldverk í Marokkó fyrr en á sjöunda áratug þessarar aldar. Við eigum enga „stóra" höfunda, en nokkrar góðar sögur. Sömuleiðis eru hér líklega engin „stórskáld" en við höfum eignast nokkur frábær ljóð. Þess ber að gæta að við urðum ekki sjálfstæð þjóð fyrr en 1956 og ekki er hægt að gera allt á 40 árum. Við getum því ekki borið okkur saman við bókmenntaþjóðir eins og t.d. Egypta."

„En hvernig líður þér sjálfum sem rithöfundi í Marokkó?" spyr ég. „Njóta rithöfundar álits? Færð þú góð viðbrögð við bókum þínum frá þjóð þinni?"

„Það skiptist mjög í tvö horn, og fer eftir hugarfari fólks," segir Choukri. „Ég er afar vinsæll meðal stúdenta og annarra námsmanna og einnig hjá menntafólki, ekki aðeins hér í Tanger heldur almennt í Marokkó. En ég er illa séður af heittrúarmönnum og þeim sem fastheldnir eru á gamlar siðvenjur. Stundum hreyta þeir í mig ónotum. Þeir segja að ég lifi eins og útlendingur í landi mínu, jafnvel að ég sé sekur um föðurlandssvik. Þeir vilja ekki að ég skrifi um fátækt og eymd. Þeir vilja ekki að útlendingar viti hvað fram fer hér í landi. En ef frá eru talin óþægindin af þessu liði þarf ég alls ekki að kvarta. Hér er sívaxandi fjöldi af upplýstu fólki sem tekur bókum mínum vel. Til dæmis seldust yfir tuttugu þúsund eintök á einu og hálfu ári af „Á brauði einu saman" þegar hún kom fyrst út. Það er metsala á skáldsögu. Jafnvel Mahfouz seldi ekki svo mörg eintök í Marokkó árið eftir að hann fékk Nóbelsverðlaunin."

„Mikill meirihluti upplýsts fólks í dag er fæddur í fátækt," segir Choukri. „Læknar, lögfræðingar, kennarar, embættismenn o.s.frv. eru flestir af lágstéttarfólki komnir. Þetta eru mínir bestu lesendur, því að þeir þekkja af eigin reynd þær aðstæður sem ég lýsi. Áður fyrr komu nær allir menntamenn úr borgarastétt. Það hefur gerbreyst."

Talið berst að heittrúarmönnum, „íslamistum", og m.a. áhrifum þeirra á útgáfu bóka Choukris og annarra höfunda.

„„Af einu saman brauði" kom út á ensku í London 1973 og því næst á frönsku nokkru síðar. Hún kom út á arabísku bæði í Líbanon og Egyptalandi löngu áður en hún var gefin út hér í Marokkó. Þetta var vegna andspyrnu heittrúarmanna sem yfirvöld hér tóku talsvert tillit til á tímabili af ótta við að þessi hreyfing yrði að fjöldahreyfingu blindra ofstækis- og ofbeldismanna eins og í svo mörgum öðrum löndum múslíma. „Brauðið" kom því ekki út hér fyrr en 1983 og þótt bókin sé löngu uppseld hefur hún ekki verið endurprentuð vegna þrýstings frá þessum steinaldarmönnum. Í þeim löndum, þar sem hvað mest trúarofstæki ríkir, er bókin yfirleitt bönnuð eða ófáanleg. Í Alsír er hún t.d. seld á sama hátt og smyglvarningur."

Ég spyr Choukri hvort hann sé yfirvöldum ekki reiður fyrir að koma í veg fyrir endurútgáfu á „Brauðinu".

„Nei, því að þessu er alls ekki stefnt gegn mér, heldur er bara verið að láta undan þessum fáfróðu leiðindakauðum, sem eru í rauninni ekkert annað en hryðjuverkamenn," segir Choukri. „Ef stjórnvöld Marokkó væru mér fjandsamleg, tækju þau af mér vegabréfið, en það hefur engum dottið í hug að gera. Ég fer oft í ferðalög til útlanda, til fyrirlestrahalds, á rithöfundaþing eða vegna útgáfu bóka minna í hinum ýmsu löndum."

Á leiðinni til fundar við Choukri, hafði ég komið við í bókabúð og keypt að gamni mínu eina bóka hans á arabísku vegna þess hvað bókin var falleg og að kápan er prýdd ljómandi góðri teikningu af höfundinum. En verð bókarinnar var aðeins 20 dirham, þ.e.a.s. 160 íslenskar krónur. Ég hef orð á því við Choukri að mér þyki þetta ískyggilega lágt verð og sé uggandi um hag kollega minna í landi þar sem bækur séu svo ódýrar.

Choukri hlær og segir: „Þessi bók, „Zoco chico", er svona ódýr vegna þess að ég gaf hana út sjálfur. Ég vil að sem flestir hafi efni á að eignast hana og lesa. Ef ég hefði eftirlátið útgefanda að sjá um þetta, hefði bókin kostað a.m.k. 50 dirhama."

Fiskur og hugsjónir

Nú kem ég með tilvitnun í smásögu Choukris, *Ilskó spámannsins,* þar sem söguhetjan segir um ungá vændiskonu: „Það sem mér fellur svo vel í fari hennar er að hún trúir enn að það ætti að breyta heiminum." Ég spyr Choukri hvort honum þyki enn taka því að reyna að breyta heiminum.

„Hugsjónirnar, já," segir Choukri alvarlegur á svip. „Að breyta heiminum er hlutverk stjórnmálamanna og hagfræðinga. Bókmenntir geta haft áhrif, en það að breyta heiminum með bókmenntum er afskaplega seinlegt. Stöku sinnum eru þó gerðar einhverjar breytingar í þjóðfélaginu sem beinlínis má rekja til bóka. Ég skal nefna eitt dæmi. Dostojevskí eyddi átta árum í Síberíu í fangelsi og útlegð. Hann skrifaði bókina „Hús hinna dauðu", og þegar keisarinn las hana varð honum svo mikið um lýsingarnar á pyndingum og hrottaskap að meðferð fanga varð önnur og betri eftir það. En því miður eru þess fá dæmi að bók hafi svona bein áhrif til bóta."

Nú bera þjónar fram matinn. Rithöfundurinn Hassouna Moshbahi frá Túnis hefur bæst í hópinn og við hyggjum gott til glóðarinnar þegar við finnum unaðslegan ilminn af „Dóroðu að hætti Múhammeðs Choukri".

Af gömlum og góðum sið spyr ég þó Choukri hvort hann vilji ekki segja eitthvað að lokum.

„Jú, það er dálítið persónulegt sem mér liggur á hjarta," segir Choukri. „Ég er líklega einsdæmi í bókmenntaheiminum vegna þess að ég var ólæs fram á þrítugsaldur. Það er því oft litið á mig sem furðufyrirbæri. Þegar ég kem á ráðstefnu, t.d. í Þýskalandi eða Frakklandi, mæna allir á mig og mæla mig út. Ég finn að það er verið að spekúlera „Já, þarna er *analfabetinn,* ólæsi rithöfundurinn." Mér sárnar þetta. Mér líður eins og vansköpuðum sýningargrip í sirkus. Ég vil þetta ekki. Ég vil annað hvort vera metinn fyrir framlag mitt til bókmenntanna eða þá að menn láti mig bara í friði."

Choukri hlær en ég finn að honum er fúlasta alvara. „Ég hef þrisvar haldið fyrirlestra í Þýskalandi á undanförnum tveim árum," heldur hann áfram og nuddar á sér arnarnefið. „Það hefur verið fullt út úr dyrum þótt fólk hafi þurft að greiða aðgangseyri til að hlusta á mig. Það hafa verið lagðar fyrir mig margar ágætar og gáfulegar spurningar. En ég finn samt alltaf að fólk lítur á mig sem ómenntaðan mann, þótt það kunni að viðurkenna að ég hafi eitthvað merkilegt wfram að færa. Ég var samt að reikna það saman um daginn að ég muni líklega vera búinn að lesa um fjögur þúsund bækur á þessum rösku fjörutíu árum sem liðin eru síðan ég lærði að lesa og skrifa. Ég les 40-50 blaðsíður á hverjum degi og stundum meira. Ég veit ekki hvort ég er góður rithöfundur en ég veit með vissu að ég er góður lesandi. Og nú skulum við hætta þessu hjali og taka til matar okkar, strákar."

Helstu verk Mohammeds Choukri: (í sviga eru fyrsti útgáfustaður og ár).

Á brauði einu saman, sjálfsævisöguleg skáldsaga (1973 London), (Reykjavík 1983, þýðandi: Halldór Björn Runólfsson. *Jean Genet í Tanger,* Ecco Press (New York 1973). *Tennesse Williams í Tanger,* Cadmus (Santa Barbara 1974). *Trylltur í rósir,* smásögur (Beirut 1979). *Tjaldið,* smásögur (Casablanca 1985). *Zoco chico,* skáldsaga (Tanger 1985). *Hamingjan,* leikrit (Tanger 1985). *Á glapstigum,* frh. af *Brauðinu,* (Tanger 1993). *Paul Bowles og útlegðin í Tanger,* (Tanger 1997).

ILSKÓR SPÁMANNSINS

SMÁSAGA EFTIR

MOHAMMED CHOUKRI

Þýðinguna gerði Örnólfur Árnason eftir enskum texta Paul Bowles.

MEIRI skemmtun og meiri draumóra. Meiri peninga og meira af tækifærum til að næla í þá. Ég var orðinn leiður á að skemmta mér en samt hafði ég ekki fengið nægju mína. Fatin gekk í áttina til mín, hvít eins og snjór í blóðrauðu ljósinu á barnum. Hún tók eina minnisbókina mína, leit í hana og glotti.

Hún tautaði eitthvað óskiljanlegt, fór síðan aftur burt og hvarf á milli þeirra sem voru að sparka út í loftið. Klukkan var þrjú að nóttu og ég var þreyttur og taugatrekktur. Om Kalsoum var að syngja: „Svefn lengir aldrei lífið, né styttist líf þitt við langa bið."

Svartur maður birtist. Hvítt á svörtu. Hann tók eina kompuna mína og hóf að lesa upphátt: „Fullkomið frelsi á sér sorglega hlið." Hann lagði hana frá sér. „Um hvað fjallar bókin?" spurði hann.

„Hún fjallar um mann sem skilur ekki þennan heim," sagði ég. „Hann særir sjálfan sig og alla sem nærri honum koma."

Hann kinkaði kolli, lyfti glasinu og drakk. Að því loknu sagði hann: „Þú ert brjálaður."

Ég horfði á Fatin skrifa í minnisbók. Á meðan reykti ég, drakk og hugsaði um þetta með ilskóna. Ljósin slokknuðu. Kvenfólk veinaði. Þegar ljós kviknaði aftur heyrðust bæði menn og konur tuldra eitthvað. Ég keypti annan drykk handa Khemou. Hún gaf mér koss sem skildi eftir sætt bragð í munninum á mér. Brún tunga hennar kitlaði mig. Hún var að borða súkkulaði, og hlátur hennar var rauður í ljósinu frá barnum. Khemou gekk burt og Fatin kom til mín. Hún rétti mér blátt pappírsblað. Á það hafði hún skrifað: „Rachid, hvað veist þú um ástina? Þú eyðir meiri tíma í ástarskrif en ástarleiki. Sá sem aldrei hefur rannsakað ást, nýtur hennar betur en sá sem veit allt um hana. Ást er ekki vísindagrein. Ást er tilfinning, tilfinning, tilfinning."

Miriam Makeba hóf að syngja *Malasíu.* Hún hefur hvíta rödd. Ég tók til við að skrifa á sama blaða miðann: *Fatin, þú ert rauða rekkjan mín, og ég er svarta værðarvoðin þín. Ég er farinn að sjá þetta þannig.*

Ég svipaðist um eftir Fatin. Munnurinn var svöðusár á andliti hennar og útlendur sjómaður var að sleikja það. Hún hafði hægri handlegginn utan um hann og hellti úr glasinu sínu á gólfið með vinstri hendinni. Khemou kom og bauð mér varirnar eins og kirsuber. Ég keypti annan drykk handa henni. Ég var svo ánægður með áhrifin af kossi hennar að ég fór einu sinni enn að hugsa um að selja skóna. Hvað átti ég að setja upp hátt verð fyrir þá? Englendingurinn var ekkert of góður til að borga milljón franka* ef hann vildi eignast ilskó spámannsins. Hann hlaut hvort sem er að vera bjáni, annars hefði hann ekki látið blekkjast af svona sögu. En hvernig gat ég vitað nákvæmlega hversu heimskur hann væri? Það var hann sem fyrst vakti máls á þessu, með sögunni um svarta markaðinn.

Fatin birtist, svört, ljós og hvít. Ég rétti henni bláan pappírsmiða. Hún leit á mig og brosti. Ég hugsaði með mér að stelpur eins og hún væru bara til vandræða. Litli munnurinn á henni leit nú út eins og sár sem hafði gróið. Mér varð hugsað til indverska skáldsins Mirzah Asad Allah Ghalef:

Þeim sem þorsti kvelur
er ég þurr vör.

Hún sækist eftir þeirri tegund ástar sem gerir hana óhamingjusama. Það sem mér geðjast við hana er að hún trúir enn að það ætti að breyta heiminum.

Khemou og Latifa tóku að æpa hvor á aðra eins og tveir kettir í áflogum, meðan Miriam Makeba hélt áfram að syngja hvítri röddu. Khemou reif í svart hárið á Latifu, sló hana niður og sparkaði í andlitið á henni. Latifa æpti og það blæddi úr nefinu á henni. Litirnir spunnust allir saman í kollinum á mér. Fatin skildi blóa miðann eftir hjá mér og hljóp til að skilja hinar tvær. Ég las áfram: *Þú hefur rétt fyrir þér. Ég ber fyrir þá hold mitt, en ég finn ekki fyrir því þegar þeir eta mig.*

Vigon syngur með hvítri rödd: „Fyrir utan gluggann." Vigon syngur, og ég hugsa um möndlutré í blóma, og um snjó, sem ég dái.

Khemou og Latifa komu út af snyrtingunni. Þær höfðu sæst líkt og tvær smátelpur. Svo fóru þær að hlæja og dansa eins og ekkert hefði í skorist. Ég sat þarna og reykti meðan ég réðist í huganum á hvern mann á barnum sem ég kunni ekki við smettið á. Einn fékk spark, annar löðrung og þessi þarna fyrir handan fékk kjaftshögg. Ég komst í betra skap af því að horfa á sjálfan mig fara með þá að vild minni.

Á morgun sel ég skóna. Fatin fór framhjá aftur og ég spurði hana hvers vegna Khemou og Latifa hefðu verið að rífast. Hún sagði að það væri vegna þess að Khemou hefði sagt manninum, sem Latifa var að drekka með, að hún væri með berkla.

„Er það satt?" spurði ég hana.

„Já," sagði hún. „En hún segir að það sé búið að lækna hana."

Englendingurinn og ég vorum heima hjá mér að borða *couscous.* Hann leit á mig og sagði: „Þetta er besta *couscous* sem ég hef nokkru sinni bragðað."

Öðru hverju skimaði hann út í hornið þar sem amma mín sat og laut höfði. Ég sagði honum að þetta *couscous* hefði komið frá Mekka. „Frænka mín sendir vænan slatta í hverjum mánuði."

Hann horfði undrandi á mig. „Það er alveg frábært."

Til þess að hann áttaði sig betur, bætti ég við: „Allt hér í húsinu er frá Mekka. Við fáum meira að segja reykelsið sent mánaðarlega."

Við lukum við *couscousið* og byrjuðum á öðrum rétti, ofnbökuðu kjöti með rúsínum og sterku kryddi. „Þetta heitir *mrozeya,*" sagði ég við hann.

Hann tuldraði eitthvað og sagði svo: „Mikið er þetta gott." Amma mín laut enn höfði. Ég sá að Englendingurinn horfði á hana sitjandi þarna í hvíta kuflinum sínum. Reykelsið og þögnin í herberginu gerðu hana enn tilkomumeiri sjón. Hún lék hlutverk sitt vel. Litla, siðláta þjónustustúlkan okkar bar fram te í silfurkatli. Hún var einnig klædd drifhvítum kufli, og huldi líka andlit sitt. Hendur hennar voru málaðar með henna-lit í margbrotnu mynstri, og svart hár hennar gljáði yfir gríðarstórum eyrnalokkunum. Hún gerði engin mistök. Hún heilsaði Englendingnum án þess að brosa, eins og ég hafði brýnt fyrir henni að gera. Það fór henni vel að vera þungbúin á svip. Ég hafði aldrei séð hana svona fallega.

Mintuteið með ambri í virtist falla Englendingnum vel í geð. „Þykir þér teið gott?" spurði ég hann.

„Já, það er afar gott!"

Það ríkti þögn stundarkorn. Ég hugsaði með mér: Nú er kominn tími til að nudda lampa Aladdíns. Ég reis á fætur, gekk til ömmu og hvíslaði í eyra hennar. Ég sagði engin orð, gaf bara frá mér hljóð. Hún kinkaði kolli hægt, án þess að líta upp. Þá lyfti ég hvíta púðanum og tók upp gullbryddaða, græna silkislörið sem huldi þá.

Englendingurinn virti fyrir sér ilskóna sem orðnir voru litlausir af elli. Hann rétti hægt fram höndina til að snerta leðrið. Síðan leit hann á mig og skynjaði að ég vildi ekki að hann kæmi við þá.